



Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2022

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) fengu frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi), 334. mál, sent til umsagnar. Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir.

Í frumvarpi því sem nú er til umsagnar er lögð til sú grundvallarbreyting að heimila starfrækslu vefverslunar með áfengi í smásölu til neytenda sem felur í sér undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tókbaksverslunar ríkisins á smásölu með áfengi.

Aflétta þarf auglýsingabanni

Samtökin eru hlynnt auknu frelsi í viðskiptum og á það einnig við um viðskipti með áfengi. Eins og fram kemur í frumvarpi hafa íslenskir framleiðendur staðið höllum fæti gagnvart erlendri samkeppni um árabíl og því mjög mikilvægt að jafna stöðu íslenskra framleiðenda. Sú skoðun byggir hins vegar alfarið á þeirri grundvallarforsendu að markaðslögmál séu látin ráða för og íslenskum framleiðendum sé gert kleift að auglýsa vöru sína. SI leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að ef ráðist verði í slíkar breytingar, sem um getur í frumvarpi þessu, að samhliða verði gagngerar breytingar á 20. gr. laganna sem fjalla um auglýsingar áfengis og undanþágur.

Er sérstaklega tiltekið í frumvarpinu að auglýsingabannið skv. 20. gr. laganna sé ein ástæða þess að íslenskir áfengisframleiðendur hafi staðið höllum fæti gagnvart erlendri samkeppni, um árabíl. Bent er á þá staðreynd að erlendir áfengisframleiðendur og vefverslanir hafi greiðan aðgang að íslenskum neytendum. Gera má ráð fyrir að slíkt aðgengi sé að megninu til í gegnum auglýsingar. Þar sitja íslenskir framleiðendur ekki við sama borð. Þrátt fyrir þá stöðu og viðurkenningu frumvarpshöfunda á því ójafnræði sem ríkir á meðal innlendra og erlendra framleiðenda að þessu leyti eru ekki lagðar til aðgerðir til að jafna þá stöðu. Frumvarpið virðist eingöngu ætlað að tryggja jafnræði og samkeppnishæfni innlendra verslunar við þá erlendu. Gerir SI þá kröfu að jafnframt sé litið til stöðu innlendra framleiðenda og tryggt að þeir geti einnig keppt á jafnræðisgrundvelli við innflutta vöru.

Breyta þarf greiðslu áfengisgjalds

Í fyrri umsögnum um þingmál sambærilegs efnis hafa SI bent á að núgildandi fyrirkomulag greiðslu áfengisgjalds feli í sér umtalsvert óhagræði fyrir framleiðendur. Óhagræðið er ekki síst fólgið í því að mikil fjárbinding er fólgin í greiðslu áfengisgjaldsins og verði viðskiptavinir framleiðenda gjaldþrota fæst áfengisgjaldið ekki endurgreitt, ólíkt því sem gildir um virðisaukaskatt.

Að mati SI er mikilvægur þáttur í því að heimila einkaaðilum að starfrækja vefverslun áfengis, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi, að breyta framangreindu fyrirkomulagi á




greiðslu áfengisgjalda með því að færa gjaldskylduna til smásöluaðila enda er fjártjónshætta framleiðenda umtalsvert meiri í viðskiptum við einkaaðila en opinberan aðila. Ennfremur felur umrætt fyrirkomulag í sér aðgangshindrun á markaði enda þurfa framleiðendur í mörgum tilvikum að greiða stærstan hluta af söluverði vörunnar til ríkissjóðs áður en greiðsla fæst frá smásöluaðila. Sem fyrr segir fæst áfengisgjaldið ekki endurgreitt frá ríkissjóði, fari smásöluaðili í gjaldþrot í millitíðinni.

Þá er núgildandi greiðslufyrirkomulag verulega bagalegt fyrir innlenda áfengisframleiðendur sem útvista framleiðslu sinni til annars aðila. Lögin virðast ekki gera ráð fyrir þeim möguleika að framleiðsluvörur minni aðila séu framleiddar í verksmiðjum annarra, og hafa slíkir aðilar, þ.e. minni aðilar sem hafa ekki framleiðsluleyfi og útvista framleiðslu annað, í raun verið álitnir „kaupendur“ í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga um gjald af áfengi og tóbaki. Þeir þurfa þá að leggja út fyrir áfengisgjaldinu, til framleiðsluaðilans, strax við afhendingu vörunnar án þess að eiga möguleika á að sækja um greiðslufrest. Þessu þarf að breyta með þeim hætti að allir þeir sem stunda sölu á áfengi sitji við sama borð hvað greiðslu áfengisgjalds varðar, hvort sem frumvarpið nær fram að ganga eður ei.

Viðtækari endurskoðun þörf

Eins og bent er á í frumvarpi ríkir óvissa um hvort heimilt sé að starfrækja áfengisvefverslanir hér á landi. Íslenskir neytendur hafa tækifæri á því að kaupa áfengi af erlendum vefverslunum og þá hefur hluti innlendrar vefverslana með áfengi farið vaxandi. Í frumvarpi kemur síðan fram að innlendir framleiðendur hafi í einhverjum tilvikum selt vörur sínar til erlendra vefverslana sem hafa selt vöruna aftur til íslenskra neytenda. Er því ljóst að víða er pottur brotinn í löggjöfinni varðandi smásölu á áfengi hér á landi og vonast samtökin til að frumvarp þetta verði innlegg í þá umræðu. Þá er gerð krafa um að samhliða auknu viðskiptafrelsi í sölu áfengis verði gerðar breytingar á 20. gr. laganna sem fjalla um auglýsingar áfengis og undanþágur og breytingar á lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki.


Gunnar Sigurðarson,
viðskiptasjóri á iðnaðar- og hugverkasviði